

Reglum mannréttindaráðs um styrkveitingar

1. gr.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar úthlutar ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki og fjárveitingu sem ráðið ákveður í samræmi við fjárhagsramma ráðsins.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum mannréttindaráðs er að styðja við hvers kyns sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga á sviði mannréttinda sem stuðlar að farsælli þróun borgarsamfélagsins, jafnræði borgarbúa og fjölbreytilegu mannlífi. Að sama skapi að styðja við hvers konar starf sem vekur athygli á eða stendur vörð um grundvallarréttindi borgarbúa.

3. gr.

Mannréttindaráð úthlutar styrkjum tvisvar á ári og skal auglýst eftir almennum styrkumsóknum í september og mars ár hvert. Úthlutun styrkja skal vera lokið innan þriggja mánaða frá auglýsingu.

4. gr.

Mannréttindaráð getur haldið eftir allt að 10% samþykkrar heildarupphæðar styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé þá um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar.

5. gr.

Við styrkveitingar skal miða við að umsóknir falli undir eftirtalin skilyrði:

- a. Að verkefni, starfsemi eða viðburðir falli að markmiðum styrkja mannréttindaráðs, sbr. 2. gr. þessara reglna.
- b. Að verkefni, starfsemi eða viðburðir falli að öðru leyti að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
- c. Að verkefni eða starfsemi falli ekki undir hefðbundinn rekstur, s.s. rekstur skrifstofu eða húsnæðis.

6. gr.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá mannréttindaráði skulu láta þess getið við kynningu á þeim verkefnum, starfsemi eða viðburði sem hefur hlotið styrk. Á sama hátt skulu styrkþegar láta styrks mannréttindaráðs getið í hvers kyns útgáfu í tengslum við viðkomandi verkefni, starfsemi eða viðburð.

7. gr.

Styrkþegar skulu skila greinargerð til mannréttindaráðs innan árs frá því að styrkur var veittur þar sem greint er frá því hvernig styrkfé hefur verið varið. Styrkþegar sem fá yfir eina milljón króna í styrki skulu skila til mannréttindaráðs samþykktum og endurskoðuðum ársreikning fyrir það starfsár sem styrkurinn var veittur.

8. gr.

Styrkþegar skulu vera reiðubúnir til að flytja einn fyrirlestur eða kynningu á því verkefni sem styrkt er á málþingi eða ráðstefnu sem mannréttindaráð boðar til án sérstakrar þóknunar af því tilefni.

9. gr.

Að öðru leyti fer meðferð, afgreiðsla og málsmeðferð umsókna eftir almennum reglum um styrkjastefnu Reykjavíkurborgar sem borgarráð samþykkir.

Samþykkt á fundi mannréttindaráðs 27. maí 2008